

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr varphænum í uppeldi og varpi, ef þær eru haldnar í búrum.

Svona skalt þú taka sýni:

### Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
<b>Uppeldi</b>	Dagsgamlir ungar	Uppeldishús	- Kassaklæðing - eða tausýni  = 1 safnsýni per hóp.	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	- 2x150 g saursýni  = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
<b>Fullorðnar Varphænur</b>	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- 2x150 g saursýni  = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda

### Saursýni

Úr hópum búrfugla skulu tekin tvísvar sinnum 150 g af driti, með því að safna drit tvísvar sinnum á 60 stöðum af öllum færriböndum fyrir drit eða af sköfum í húsinu, eftir að hafa sett kerfið í gang sem fjarlægir drit. Ef ekki eru til færribönd skulu tekin tvísvar sinnum 150g af nýjum saur á tvísvar sinnum 60 mismunandi stöðum undir grindunum.

Rannsóknarstofan hópar bæði sýnin í eitt safnsýni.

### Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

### Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 517/2011, innleidd með reglugerð nr. 369/2012, og reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Síðast uppfært: 18. febrúar 2019